

---

**FUNDARGERÐ**

**Fundur:** Orkuspárnefnd 2007-01  
**Fundartími:** Föstudagur 26. maí 2006 kl. 13:30-14:45  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9

**Fundarefni:**

- 1) Skipan orkuspárnefndar.
- 2) Almennar forsendur orkuspáa.
  - 2.1) Mannfjöldaspá.
  - 2.2) Spá um aukningu húsrýmis
  - 2.3) Spá um þróun atvinnuvegaskiptingar
  - 2.4) Forsendur hagvaxtar
- 3) Störf vinnuhópa.
- 4) Önnur mál.

---

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir  
Magnús Magnússon  
Hörður Garðarsson  
Sigurður Ágústsson  
Magnús Ásgeirsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Fjarverandi: Eiríkur Bogason  
Haukur Ingibergsson

1) Nokkrar breytingar hafa orðið á skipan nefndarinnar frá síðasta fundi. RÍP sagðist mund taka við af Þorkeli sem fulltrúi Orkustofnunar og sem formaður nefndarinnar. HG sagði að Benedikt Valsson væri að hætta í ráðuneytinu og tæki hann við af honum í nefndinni. SÁ sagði að Eiríkur Bogason mundi taka við af Maríu Jónu í nefndinni sem fulltrúi hitaveitna.

2) JV sagði að almennar forsendur þyrfti að skilgreina núna til að hægt væri að ganga frá endurreikningi raforkuspár. Ákveða þyrfti hvort uppfæra ætti allar almennu forsendurnar og gefa út nýja skýrslu eins og gert hefur verið undanfarin ár. Fjallað var um helstu þætti þessara forsendna sem ganga inn í raforkuspá. JV sagðist hafa tekið eftir því að Fjármálaráðuneyti væri komið með fólksfjöldaspá inn í skýrsluna um Þjóðarbúskapinn en spá Hagstofu Íslands hefur ekki verið endurnýjuð frá 2003. MM sagði að Samtök atvinnulífsins hefðu nýlega birt fólksfjöldaspá og að Hagstofa kæmi væntanlega með nýjan framreikning á fólksfjölda í haust. JV nefndi hve mikið húsrými hafi aukist á undanförunum árum og slíkt hefði veruleg áhrif á orkunotkun. Hann sagðist hafa stungið upp á því við Fasteignamat ríkisins að þeir mundu láta gera athugun á íbúðartíðni eftir aldri og kyni en slíkt hefur ekki verið gert í nokkra áratugi. Fjallað var einnig um hagvaxtarforsendur þar sem byggt hefur verið á forsendum Fjármálaráðuneytis og banka og rætt var um þróun atvinnuveganna. RÍP nefndi hvort

ekki gætu fleiri aðilar komið að fjármögnun á starfi orkuspárnefndar en Landsnet er eini aðilinn utan Orkustofnunar sem tekur þátt í kostnaði en þeir borga helming af starfi raforkuhóps. Hugsanlega gæti verið eðlilegt að þeir tækju einnig þátt í hluta af vinnunni við almennu forsendurnar þar sem þær gengu inn í raforkuspána. Samþykkt var að vinna þær almennar forsendur sem ganga inn á raforkuspána núna að því marki sem áætlun Orkustofnunar og/eða fjármögnun annarra leyfir en þegar því er lokið verður ákveðið hvort aðrar forsendur verði uppfærðar og hvort skýrsla verður tekin saman eins og undanfarin ár. MÁ benti á mikilvægi þess að uppfæra þessar tölur á hverju ári vegna þess hvað atvinnulíf og annað tæki hröðum breytingum. RÍP benti á ýmsar reiknivélar sem Sigurður Friðleifsson hjá Orkusetri hefur sett upp og hann hefur bent á aðáhugavert væri að setja upp reiknivél fyrir orkuspár á netinu. RÍP og JV munu ræða um þetta við Sigurð.

- 3) JV fór yfir störf raforkuhóps og sýndi tölur um raforkunotkun og aflþörf á síðasta ári. Raforkuhópurinn hefur haldið 4 fundi það sem af er ári. Eldsneytishópur hefur haldið 3 fundi og þar hefur mest verið fjallað um innheimtu gagna og nýja flokkun eldsneytisnotkunar. Gögn sem fengust frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2005 reyndust ekki fullnægjandi svo JV áætlaði notkunina fyrir það ár og eru þá komin þrjú ár þar sem ekki liggja fyrir rauntölur. Breyting hefur verið gerð á lögum um Orkustofnun til að stofnunin geti innheimt þessi gögn og vonandi tekst það fyrir árið 2006.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn Fundi slitið kl. 14:30.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun 2006.
- Töflur um notkunarflokka raforku 2006 og aukningu 1997-2006.
- Töflur um álag 2006.
- Uppkast að leiðbeiningum um flokkun á sölu eldsneytis
- Töflur um notkun eldsneytis 1998-2005.